

29. maí 2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um deiliskipulagstillögu fyrir Steina og Hvassafell undir Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra. <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/532>

Fuglavernd mótmælir harðlega fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu fyrir Steina 1 og Hvassafell 2 í Rangárþingi eystra. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er samtals um 127 ha og liggur að mestu sunnan Suðurlandsvegur og austan Holtsóss undir Eyjafjöllum. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland samkvæmt núgildandi aðalskipulagi og nýtur auk þess hverfisverndar sveitarfélagsins, m.a. vegna mikilvægis þess fyrir fugla. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er fyrirhugað að á svæðinu verði reist tvö stór hótél (200 herbergja og 120 herbergja), baðlón, 100 gistiskálar, 15 starfsmannaíbúðir auk þess sem fara þarf í umfangsmiklar framkvæmdir tengt veglagningu og veitukerfum fyrir svæðið. Er það mat Fuglaverndar að þessi starfsemi og framkvæmdir muni hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á ríkulegt fuglalíf svæðisins og þá landslagsheild sem svæðið er hluti af.

Á svæðinu umhverfis Holtsós er að finna fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Búast má við miklum þéttleika varpfugla, einkum mófugla, auk þess sem mikill fjöldi fugla, einkum vatna- og vaðfugla, nýtir svæðið til fæðuöflunar og hvíldar á fari bæði vor og haust. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á fjölda fuglategunda vegna þess hve stór hluti Evrópustofnsins nýtir sér landið til varps eða viðurværis¹. Þetta á sérstaklega við um mófugla, s.s. heiðlóu, lóupræl, jaðrakan, spóa og stelk, en mörgum þessara tegunda hefur fækkað hratt á Suðurlandi á undanförunum árum². Nýlegar rannsóknir hér á landi sýna glögglega neikvæð áhrif hinna ýmsu mannvirkja (s.s. sumarhúsa, vega og raflína) á þéttleika mófugla í nágrenni þeirra og ná áhrifin jafnvel nokkur hundruð metra frá mannvirkjunum sjálfum³. Fuglar eru auk þess mjög hreyfanlegir og ferðast gjarnan um töluverða vegalengd til að uppfylla sýnar þarfir, s.s. fæðuöflun, og því má búast við að áhrifin nái jafnvel enn lengra ef fuglar af nærliggjandi svæðum nýta fyrirhugað framkvæmdasvæði sér til viðurværis. Það er því ljóst að mikið er í húfi og nauðsynlegt að standa vörð um sérstöðu og mikilvægi svæðisins fyrir fugla.

Fuglavernd vísar einnig í vandaða umsögn Tómasar Grétars Gunnarssonar⁴ við matsáætlun framkvæmdarinnar sem birt var á heimasíðu Skipulagsstofnunar þann 28. nóvember síðastliðinn⁵. Þar er farið ítarlegar í þá þætti sem nefndir hafa verið hér að framan og skýrt

¹ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

² <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/00063657.2025.2450394#d1e691>

³ <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/3293> og https://zslpublications.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/acv.12938?casa_token=4v1OamWVDs0AAAAA%3As_16L_8gT00R8TbNfBDaHCOBJrOmB0kIJCUCfZ4jw2fBTys89a-6DWHIWL3_dLAIWKyKPreC54-eZEOnnQ

⁴ <https://skipulagsgatt.is/files/1bfe7e50-28d8-4e83-bcae-ab40ef01c233>

⁵ <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1296>

með greinargóðum hætti frá mikilvægi svæðisins fyrir fugla og hvers vegna fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi séu líkleg til að hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á fuglalíf á stóru svæði. Tekur Fuglavernd undir allar þær áhyggjur sem þar eru settar fram.

Holtsós og mýrlendið umhverfis hann (HV08), að bænum Berjanesi í austri, nýtur hverfisverndar sveitarfélagsins vegna náttúrufars og fuglalífs. Það er því ljóst að stór hluti af fyrirhuguðum framkvæmdum munu fara fram innan hverfiverndarsvæðisins, en í skilmálum þess segir „*Forðast skal framkvæmdir og rask á svæðinu nema í nánu samráði við sveitarfélag, Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun*“. Fuglavernd telur alvarlegt að sveitarfélagið ætli að hafa að litlu sína eigin hverfisvernd með því að greiða götu fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Uppbyggingin er það umfangsmikil og nær til það stórs svæðis að það er mat Fuglaverndar að verndargildi svæðisins fyrir fugla muni hljóta verulegan skaða af, jafnvel þótt leitast verði við að „*hönnun og uppbygging taki tillit til sérstæðs umhverfis og lífríkis*“, líkt og segir í deiliskipulagstillögunni. Þá telur Fuglavernd brýnt að náð samráð verði haft við bæði Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun og farið í hvívetna eftir ráðleggingum þeirra. Í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar við tillögu að aðalskipulagsbreytingu svæðisins⁶ og matsáætlun framkvæmdar⁷ kemur meðal annars fram að „*umfang og dreifing fyrirhugaðrar uppbyggingar er að mati stofnunarinnar úr hófi fram og mun fela í sér mikið rask á vistgerðum með hátt verndargildi sem og búsvæðum fugla*“ og „*Náttúrufræðistofnun telur að gagnlegt væri að skoða fleiri valkosti sem myndu fela í sér minna umfang, t.d. þar sem uppbygging takmarkast við austurhluta svæðisins en slíkur valkostur myndi hafa í för með sér umtalsvert minna uppbrot og tap á búsvæðum fugla, sem og líklega minni truflun fyrir fugla sem nýta ósinn. Þá ber austurhlutinn meiri merki framræslu og landbúnaðar á meðan svæðið nær ósnum virðist votlendara*“. Tekur Fuglavernd heils hugar undir þessi sjónarmið.

Með því að dreifa uppbyggingunni um jafn stórt svæði og hugmyndir eru um er aukið verulega á jaðaráhrif og neikvæð umhverfisáhrif þar sem þau búsvæði sem skilin verða eftir milli byggingareita munu nýtast illa þeim tegundum sem forðast að verpa í návígi við mannvirki og mannaumferð, sbr. umfjöllun hér að framan og umsögn Tómasar Grétars. Jafnvel þó votlendi verði endurheimt á svæðinu mun það því ekki nýtast almennilega sem mótvægisáðgerð fyrir fuglalíf ef votlendið er staðsett innan eða í nágrenni við uppbygginguna sjálfa. Fuglavernd skorar því eindregið á hlutaðeigandi aðila að draga verulega úr umfangi fyrirhugaðrar uppbyggingar og finna henni frekar stað á austurhluta svæðisins, þ.e. fjær ósnum og því votlendi sem umlykur hann, ellegar hætta alfarið við framkvæmdirnar.

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri

⁶ <https://skipulagsgatt.is/files/ba7f6519-74a0-4a3c-87bc-8d7954d64448>

⁷ <https://skipulagsgatt.is/files/fec55959-2fc9-4e61-bca0-6aa11c9b5a4b>